

Föstudaginn 21. júní. 1991.

Nr. 329/1990. **Ákærvaldið**

gegn

Jónasi Friðrikssyni.

Kærumál. Dómsátt. Bifreiðar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttar-dómari.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 10. september 1990. Krefst hann þess, að dómsátt, sem varnaraðili gekkst undir í sakadómi Þingeyjarsýslu 27. ágúst 1990, verði úr gildi felld.

Í þinghaldi í sakadómi Akraness 24. maí 1991 var varnaraðila kynnt framangreind krafa ríkissaksóknara. Hann mótmælti kröfunni. Var endurrit úr sakadómsbókinni sent Hæstarétti 13. júní 1991.

Að kvöldi fimmtudagsins 29. mars 1990 var varnaraðili handtekinn vegna grunar um ölvun við akstur. Reyndist vínandamagn í blóði hans vera 1,59 ‰. Hinn 27. ágúst 1990 samþykkti varnaraðili í sakadómi Þingeyjarsýslu að greiða 20.000 króna sekt til ríkissjóðs fyrir brot þetta og sæta ökuleyfissviptingu í 12 mánuði. Var brot hans í dómsáttinni talið varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Með dómsátt í sakadómi Reykjavíkur 12. desember 1986 samþykkti varnaraðili að ljúka máli vegna ölvunar við akstur með greiðslu sektar og sviptingu ökuréttinda í 12 mánuði. Var brot hans talið varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. þágildandi umferðarlaga. Varnaraðili hefur því nú gerst sekur um ítrekað brot. Lágmarkssvipting ökuleyfis fyrir ítrekað brot á 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., umferðarlaga nr. 50/1987 er samkvæmt 3. mgr. 102. gr. sömu laga þrjú ár. Framangreind málalok voru því óheimil að lögum. Ber því samkvæmt 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 að fella hina kærðu dómsátt úr gildi.

D ó m s o r ð:

Hin kærða dómsátt er úr gildi felld.

Dómsátt sakadóms Þingeyjarsýslu 27. ágúst 1990.

Ár 1990, mánudaginn 27. ágúst, er dómþing sakadóms Þingeyjarsýslu og Húsavíkur háð að sýsluskrifstofunni á Húsavík af Berglindi Svavarsdóttur. Fyrir er tekið: Mál nr. 303/1990, kæra á hendur Jónasi Friðrikssyni fyrir umferðarlagabrot.

Dómarinn leggur fram eftirgreind skjöl, sem fylgja í frumriti:

- nr. 1. bréf bæjarfógetans í Hafnarfirði,
- nr. 2. bréf bæjarfógetans í Kópavogi,
- nr. 3. skjalaskrá lögreglunnar í Hafnarfirði ásamt fskj.
- nr. 4. sakavottorð.

Kl. 14.00 kemur í dóminn kærði, Jónas Friðriksson sjómaður, Helgastöðum, Reykjadal, kt. 100962-2689.

Kærða er kunnert sakarefnið og jafnframt gætt ákv. 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Kærði játar, að efni kærunnar sé rétt, að hafa ekið bifreiðinni JV-341 undir áhrifum áfengis 29/3 sl.

Dómarinn skýrir nú kærða frá því, að í blóðsýni því, sem úr honum var tekið í umrætt skipti, hafi alkóhól mælst 1,59‰.

Samkvæmt heimild í 112. gr. laga nr. 74/1974 býður dómarinn að ljúka málinu þannig, að hann fallist á að greiða kr. 20.000,- í sekt til ríkissjóðs samkvæmt 100. gr. umferðarlaga og sæta því jafnframt að vera sviptur ökuréttindum í 12 mánuði samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga, en brot hans þykir efnislega varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Kærði samþykkir að ljúka málinu á þann veg, og greiðist sektin fyrir 1. okt., en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi í 10 daga.

Kærði samþykkir að greiða málskostnað, kr. 5.205,-, fyrir sama tíma.

Kærða er gert ljóst, að ökuleyfisviptingin gildir frá deginum í dag að telja, þ.e. 27/8 1990. Kærði afhendir ökuskírteini sitt í réttinum.

Framangreint brot hefur ítrekunaráhrif á síðari brot skv. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Málinu er lokið þannig.